



Júní 2022

Efnisyfirlit

| | | |
|------------|----------------------------------------------------|-----------|
| 1 | <i>Inngangur</i> | 2 |
| 2 | <i>Ytra mat</i> | 2 |
| 3 | <i>Starfsáætlun innra mats 2021 - 2022</i> | 3 |
| 3.1 | Matsteymi | 3 |
| 4 | <i>Niðurstöður innra mats 2021 - 2022</i> | 3 |
| 4.1 | Stjórnun og fagleg forysta | 5 |
| | Móttaka nýs starfsfólks | 6 |
| | Tengsl við foreldra | 7 |
| | Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað. | 8 |
| | Samantekt | 9 |
| 4.2 | Nám og kennsla | 10 |
| | Inntak og námskrá | 10 |
| | Árangur náms | 10 |
| | Kennsluhættir og gæði kennslu | 11 |
| | Skipulag náms og námsumhverfi | 13 |
| | Námsvitund, ábyrgð og þátttaka | 14 |
| | Velferð og líðan nemenda | 15 |
| | Samantekt | 16 |
| 4.3 | Innra mat | 17 |
| 4.4 | Heildarniðurstaða innra mats - myndræn | 19 |
| 5 | <i>Umbótaáætlun skólaársins 2021-2022</i> | 19 |
| 6 | <i>Umbótaáætlun skólaársins 2022 - 2023</i> | 19 |

1 Inngangur

Á skólaárinu 2021 – 2022 var matsþátturinn *Nám og kennsla* tekinn fyrir í heild sinni eins og kemur fram í langtímaáætlun sem sett var fram á síðasta skólaári en hana má finna [hér](#). Einnig voru þrír þættir teknir fyrir úr *Stjórnun og fagleg forysta* en þeir eru: Starfsmannastjórnun og verkaskipting; Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna; Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað.

2 Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Borgarhólsskóla 2015. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik- og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólstarfsins liggja og hvert skal halda. Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á töflunni hér að neðan en skýrsluna í heild sinni má sjá [hér](#).

| Stjórnun | | | Nám og kennsla | | | Innra mat | |
|---------------------------|-------------------------------|---------------------------------------------------|---------------------------------|--------------------------|----------------------------|-----------------------------------------------|----------------------------------|
| Fagleg forysta | Stefnumótun og skipulag | Samskipti heimila og skóla | Nám og náms- aðstæður | Þáttt. og ábyrgð nemenda | Náms- aðlögun | Frákvæmd innra mats | Umbótastarf í kjölfar innra mats |
| Stjórnandinn sem leiðtogi | Starfs áætlun og skólanámskrá | Skólaráð, foreldrafélag | Inntak og árangur | Lýðræðisleg vinnubrögð | Nám við hæfi allra nemenda | Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi | Opinbert |
| Stjórnun stofnunar | Skóladagur nemenda | Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun | Skipulag náms og námsumhverfi | Ábyrgð og þátttaka | Stuðningur við nám | Markmiðs bundið | Umbótamiðað |
| Faglegt samstarf | Verklagsreglur og áætlanir | | Kennslu- hættir og gæði kennslu | | | Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum | |
| Skólaþróun | | | Námshættir og náms- vitund | | | Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr. | |

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

LÍÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Borgarhólsskóla er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Í kjölfar ytra mats árið 2015 setti starfsfólk Borgarhólsskóla sér það markmið að verða framúrskarandi skóli sem bæri skýr einkenni gæðastarfs.

Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunar varð til umbótaáætlun, sem finna má [hér](#), og starfsfólk Borgarhólsskóla hefur unnið eftir allt til dagsins í dag. Nú er eftirfylgni ráðuneytis lokið og við tekur áætlun innra mats um stöðugar umbætur í Borgarhólsskóla.

3 Starfsáætlun innra mats 2021 - 2022

Lögð var áhersla á matsþáttinn *nám og kennsla* á skólaárinu. Gæðaviðmið skólans sem sett voru um þáttinn nám og kennsla byggja á gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar sem sett eru fram í [Gæðastarf í grunnskólum](#) sem og [Matstækis um þróun skólastarfs](#) og taka mið af [skólastefnu Norðurbings](#) og [skólanámskrá](#). Það er markmið skólans að verða á 5. stigi skv. þeim matstækjum sem liggja til grundvallar.

Matsteymið setti fram matsáætlun fyrir skólarið 2021-2022 sem finna má [hér](#).

3.1 Matsteymi

Í matsteymi er æskilegt að fulltrúi stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra sitja. Ber matsteymið ábyrgð á skipulagi og framkvæmd á innra matsins. Í því sitja:

- Arna Ásgeirsdóttur – fulltrúi kennara (hætti febrúar 2022)
- Árný Björnsdóttir – fulltrúi annarra starfsmanna
- Guðrún Kristinsdóttir – fulltrúi kennara
- Hjálmar Bogi Hafliðason – fulltrúi stjórnenda
- Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir – fulltrúi kennara
- Nanna Möller – verkefnastjóri
- Þórdís Kristin O'Connor – fulltrúi nemenda

4 Niðurstöður innra mats 2021 – 2022

Matsteymið fundað með hverju teymi innan skólans (kennurum og stuðningsfulltrúum) og fór yfir áherslur í innra matinu fyrir skólaárið. [Matstæki um þróun á skólastarfi](#) sem gefið var út af Menntavísindasviði árið 2018 var kynnt fyrir þeim og í kjölfarið fóru öll teymin í gegnum matstækið og mátu skólastarfið í Borgarhólsskóla. Niðurstöðurnar voru dregnar saman og starfsfólki skipt upp í hópa þar sem hver hópur átti að rýna í niðurstöður eins þáttar og gera samantekt um styrkleika og atriði sem betur mega fara og er það sett fram á næstu tveimur myndum.

Það sem vel er gert

FORELDRASAMSTARF OG GRENNDARSAMFÉLAG

Upplýsingagjöfin: föstudagspóstar, Mentor og vefsíða.
Foreldrar eiga fulltrúa í ráðum og nefndum. Bekkjarfulltrúar og haustfundir.
Sú útikennsla sem er núna.
Lestrarömmur og -afar.
Samstarf við Hvamm, leikskólann, framhaldsskólann, Hvalaskólann, gróðursetning, safnahúsið, starfskynningar, vinnustaðarheimsóknir o.fl.

Samantekt frá fundi 19. janúar 2022

Listarnir eru ekki tæmandi. Þetta eru atriðin sem komu fram á minnisblöðum frá þátttakendum.

KENNAÐINN

Teymin vinna vel saman.
Nemendur er þátttakendur í kennslu.
Samþætting er að verða algengari.
Almenn ánægja með námsáætlanir.
Allir af vilja gerði til að koma til móts við ólíka nemendur.

NÁMSUMHVERFI

Nýtum okkar rými vel.
Húsvörður hjálpsamur og lausnamiðaður.
Mörg teymi með verkefni nemenda sýnileg á göngum skólans.
Tölvuvæðing á unglíngastigi jákvæð. Fleiri stig í skoðun.
Tækjakostur göður. I-padar, tölvur o.fl. Osmo kennslan góð. Hvert teymi með síma o.fl.

SKIPULAG OG STJÓRNUN

Kennurum er treyst fyrir kennslunni.
Reglulegt uppbot á stundutöflu.
Sameiginleg ábyrgð á nemendahópum innan teymis.
Teymisvinna. Samvinna í skipulagningu. Samtal um kennsluna.

NEMENDUR

Leiðir fyrir nemendur til að hafa áhrif: bekkjarfundir, korterið, nemendaviðtöl, fjölbreytt verkefni, samþætting, sjálfs- og jafningjamat.
Nemendur hafa oft val um hvernig þeir skila verkefnum eða hvaða leiðir þeir fara til að vinna þau.
Mætum nemendum, t.d. í lestri með hjóðbók, munnleg verkefni o.fl.
Uppeldisstefnan, JA.
Hvetjum nemendur áfram.

Samantekt frá fundi 19. janúar 2022

Fimm meginþættir til athugunar:

- 1 Stjórnun og skipulag
- 2 Námsumhverfi
- 3 Nemendur
- 4 Kennarar
- 5 Foreldrar og grenndarsamfélag

Atriði sem komu fram á minnisblöðum þátttakenda.



Þetta tókst vel til og má sjá heildarniðurstöðurnar [hér](#) en markmið okkar er að vera á fimmta stigi í öllum þáttum. Niðurstöðurnar verða útlistaðar enn frekar í hverjum undirkafla hér á eftir.

Kaflinum er skipt í fjóra undirkafla sem bera heiti hvers meginþáttar, þ.e. stjórnun og fagleg forysta; nám og kennsla; innra mat; skólabragur. Þar koma fram niðurstöður á þeim þáttum sem teknir voru til mats í hverjum meginþætti fyrir sig.

4.1 Stjórnun og fagleg forysta

Viðmið Borgarhólsskóla fyrir stjórnun og faglega forystu má finna [hér](#).

Á þessu skólaári var áætlað að skoða starfsmannastjórnun og verkaskipting; og leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna.

Hér neðar ber að líta niðurstöður starfsfólks á skipulags og stjórnunarhluta *matstækis um þróun á skólastarfi*.

Bláu örvarnar tákna hvort svörin bentu til þess að við værum á leið á efra stigi, neðra eða hvoru tveggja.

Þessir punktar komu fram í umræðum:

Skipulag kennsluhátta: Teymiskennsla gengur vel og samvinna á milli þeirra sem koma að kennslu. Sameiginlega ábyrgð á nemendum. Húsnæðið er þó ekki sérlega hentugt fyrir teymiskennslu. Það vantar fleiri rými sem rúma heila árganga.

Námsskipulag: Regluleg uppbrot á hefðbundinni kennslu – þemavikur, jólavikur o.s.frv. en mættu vera oftast og þá smærri þemu. Sums staðar fá nemendur uppbrot á hverjum degi.

Við gætum gefið nemendum meira val þegar kemur að námsefni,

viðfangsefnum og skilum á verkefnum en sú athugasemd kom oft fyrir.

Ákvarðanataka um heildarskipulag: Kennarar hafa frjálsar hendur og fagmennsku þeirra er treyst.

Kennarar eru hafðir með í skipulagningu á forföllum en stundum er óljóst hver eigi að leysa forföll eða upplýsingagjöfin um hver sé að koma inn í kennsluna er stundum ábótavant. Ef um breytingar er að ræða, starfsmaður þarf að fara í leyfi og nýr að stíga inn vantar eftirfylgni stjórnenda.

Samræða og endurgjöf stjórnenda: Gott er að leita til stjórnenda og oftast er einhver þeirra við og sýnilegur. Starfsfólk upplifir aldrei að stjórnendur séu of uppteknir fyrir það. Einhverjir upplifa það að

| Stjórnun og fagleg forysta | |
|-------------------------------------------------|-----------------------------------------|
| Faglegt samstarf og samræða | Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir |
| Samvirkni í stefnumótun | Starfsmannastjórnun og verkaskipting |
| Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu | Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna |
| Umbætur og innleiðingar breytinga | |

1. SKIPULAG OG STJÓRNUN

| 1. stigi | 2. stigi | 3. stigi | 4. stigi | 5. stigi |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Skipulag kennsluhátta | | | | |
| Nemendur skipt í árganga og bekk; einn kennari – einn bekkur. | | Teymi kennara innan árganga eða stíga skipulegga saman nám og kennslu, en hver og einn ber ábyrgð á umsjónarhópi sínum. | ➔ | Teymiskennsla er viðhöfð í öllum skólanum þar sem teymi kennara ber sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu nemendahóps. |
| Námsskipulag | | | | |
| Námi skipt í námsgreinar; stundaskrá skipt niður í 40 mínútna vinnulotur. | | Nám skipulagt í þemu þvert á greinar í þemavikum; nemendur hafa, eftir atvikum, val um viðfangsefni; stundaskráin stundum brotin upp. | | Nám að stórum hluta skipulagt í þemu/ viðfangsefni þvert á námsgreinar og nemendur hafa val um viðfangsefni; vinnulotur ráðast af viðfangsefnum. |
| Ákvarðanataka um heildarskipulag | | | | |
| Skólastjóri tekur einn flestar ákvarðanir um stjórnun og skipulag skólans; hefur ekki samráð þar um. | Skólastjórnendur leggja áherslu á að upplýsa um meginákvæðanir og leita álits starfsfólks áður en ákvarðanir eru teknar. | Stjórnun og skipulag er í höndum stjórnendateymis og í samvinnu við verkefnateymi. | | Skólastjórnendur bera meginábyrgð á skólastarfinu en líta á stjórnun sem samstarfsverkefni með áherslu á valddreifingu og þátttöku alls skólasamfélagsins. |
| Samræða og endurgjöf stjórnenda | | | | |
| Litil sem engin samræða um nám og kennslu og stjórnendur hafa litlar upplýsingar um það sem fram fer í skólastofum. | ➔ | Stjórnendur fara í hverja skólastofu a.m.k. árlega til þess að fylgjast með kennslu út frá viðmiðum skólans og nýta í starfsþróunarsamtali. | | Stjórnendur fylgjast reglubundið með kennslu og taka virkan þátt í samræðu um nám og kennslu, þar sem stöðug endurgjöf er hluti af daglegu starfi. |
| Fagleg forysta | | | | |
| Litil afskipti skólastjórnenda af kennsluháttum og umbótastarfi. | Skólastjórnendur styðja við fyrirleggjandi verkefni sem aðrir hafa komið af stað. | Skólastjórnendur leggja áherslu á að laða fram hugmyndir kennara um kennsluhætti. | Skólastjórnendur styðja markvisst við framkvæmd kennslu í samræmi við framtíðarsýn skólans | Skólastjórnendur eru virkir þátttakendur í þróun kennsluhátta í samræmi við framtíðarsýn. |

fá regluleg hrós en einhverjir ekki. Nýju starfsfólki þarf að fylgja betur eftir; heimsóknir í kennslustundir, regluleg samtöl, kynningar á hinum ýmsum þáttum skólastarfsins sem eru þeim ekki kunnulegir svo dæmi séu nefnd. Þá tala aðrir kennarar einnig um að engar heimsóknir hafi verið og lítil endurgjöf nema óskað hafi verið eftir henni. Frá síðasta skólaári hefur verið aukning á faglegri umræðu og vinnu á kennara- og starfsmannafundum sem talið er vera mjög jákvætt og má vera enn meira af.

Fagleg forysta: Sitjandi skólastjóri hefur verið mikill stuðningu í samþættingarverkefni á unglíngastigi og hefur orðið aukning á faglegri umræðu og verkefnavinnu á starfsmannafundum (vegna covid voru fáir fundir skólaárið á undan). Það vantar meira frumkvæði frá stjórnendum varðandi t.d. lestarárangur, jákvæðan aga o.fl.

Móttaka nýs starfsfólks

Gagnaöflun: Fundur verkefnastjóra með nýju starfsfólki og stutt könnun í lok skólaár.

Verkefnastjóri innra matsins boðaði allt starfsfólk sem hóf störf við skólann haustið 2021 á umræðufund 18. nóvember 2021. Alls hófu 13 starfsmenn störf við skólann núna í haust, átta kennarar, þar af sjö fyrsta kennsluárið sitt, og fimm stuðningsfulltrúar. Á fundinn mættu sex nýir starfsmenn. Markmið fundarins var að fá að heyra þeirra upplifun af því að hefja störf við skólann.

Allir voru þeir sammála um að vel hefði verið tekið á móti þeim og að andrúmsloftið á vinnustaðnum væri gott. Gott væri að hér væri teymiskennsla því það væri mikil hjálp í því að vinna náið með öðru reyndara starfsfólki. Þá kom fram að stjórnendur væru mjög aðgengilegir og auðvelt væri að leita til þeirra. Þegar fundurinn átti sér stað hafði allt starfsfólk nýlega farið í stutt starfsmannasamtöl við stjórnenda sem þeim þótt gott. Allir höfðu þeir verið hvattir til að sækja námskeið um *Jákvæðan aga*.

Þar sem það voru sjö nýir kennarar að byrja sitt fyrsta kennsluár í grunnskóla hefðu þeir viljað fá almennilega kennslu á Mentor en þeir þurftu að styðjast mikið við sinn teymisfélagi í þeim efnum. Einnig hefðu þeir viljað að stjórnendur kæmu í kennslu til sín og gæfu þeim endurgjöf á störf þeirra, þeim fannst ekki nægilega vel fylgst með sér. Stuðningsfulltrúar nefndu að þeir myndu vilja fá smá tíma fyrir samráðsfundi í loka hvers dags því þegar þeir mættu á morgnana vissu þeir sjaldan hvað biði þeirra þann daginn.

Allir voru sammála um að þeir hefðu þurft frekari leiðbeiningar með t.d. uppsetningar á námsáætlunum og annars konar áætlunum. Einnig fannst þeim þeir þurfa meiri handleiðslu þegar kom að því að sinna undirbúningu kennsku strax á starfsdögum í vor. Kennarar gangi strax í verkin

sem þurfi að sinna en þeir hefðu þurft að fá að setjast niður í rólegheitum og fara yfir þessu verkefni til að fá smá yfirsýn.

Á vordögum var send út tíu spurninga könnun til nýs starfsfólks og svöruðu sjö. Fimm fannst fyrsta starfsárið við Borgarhólsskóla hafa gengið vel, tveir svöruðu „hvorki né“. Hvað varðar veittan stuðning og hvatningu voru sex sem sögðust hafa fengið það en einn svaraði „hvorki né“.

Stuðninginn var einna helst að fá frá teymisfélögum (4) eða öðrum (2), einn valdi stjórnendur. Sama var með hvatninguna en hana fengu þeir helst frá teyminu sínu (4), stjórnendum(2) eða öðru starfsfólki (2).

Ekki er til móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk sem bæta þarf úr.

Tengsl við foreldra

Gagnaöflun: haustfundir, samtöl heimilis og skóla og dagleg samskipti (tölvupóstur, símtöl, Mentor).

Einnig er stuðst við niðurstöður úr „matstæki um þróun á skólastarfi“.

Á síðasta skólaári fóru samtöl heimilis að miklu leiti fram í gegnum fjarfundabúnað eða síma vegna Covid. Það var því mjög ánægjulegt að hitta foreldra að nýju en bæði kennarar og foreldrar telja það áhrifaríkari leið í samskiptum skóla og heimilis.

Haustfundir voru haldnir í hverjum árgangi að hausti þar sem umsjónarkennarar hittu foreldra og fóru yfir skólastarfið og áætlanir.

Hér til hliðar má sjá hvernig kennarar og stuðningsfulltrúar meta foreldrasamstarfið og samstarf við grenndarsamfélagið skv. *matsækinu um þróun á skólastarfi*. Þessar athugasemdir komu fram í umræðum:

Upplýsingamiðlun: Við teljum hana vera góða af okkar hálfu en ef miða á við gagnkvæma upplýsingagjöf segja kennarar að

þeir gætu merkt við 1. stig og 5. stig innan sama námshóps. Við sendum föstudagspósta í hverru viku en kannski megi passa að hafa þá ekki of langa, upplýsingar tynast mögulega. Hafa þá hnitmiðaða.

6. FORELDRAR OG GRENNDARSAMFÉLAG

| 1. stig | 2. stig | 3. stig | 4. stig | 5. stig |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Upplýsingamiðlun | | | | |
| Upplýsingar til foreldra um niðurstöður prófa. | | Foreldrar fá margvíslegar upplýsingar og fréttir, svo sem í gegnum upplýsingakerfi og á vefsíðu skólans. | ➔ | Gagnkvæm upplýsingamiðlun, s.s. um liðan, nám og framfarir nemanda milli kennara og foreldra. |
| Samskipti og samstarf | | | | |
| Samskiptin eru að frumkvæði skólans og á forsendum hans. | | Reglubundin foreldravíðtöl. Foreldrum er einnig boðið á fundi og á viðburði í skólanum. | | Foreldrar eru samstarfsmenn og hafa jafnt sem skólinn frumkvæði að samstarfi um nám og liðan nemenda. |
| Þátttaka | | | | |
| Foreldrar taka ekki þátt í skólastarfinu. | Foreldrar taka þátt í félagsstarfi nemenda, s.s. ferðum og foreldravöldum. | ➔ | | Foreldrar eru virkir samstarfsmenn skólans við eflingu jákvæðs skólabrags og skipulag skólans í heild. Þeir taka þátt í mati á framföllum barna sinna og gerð einstaklingsáætlaða. |
| Tengsl skóla og grenndar/nærumhverfis | | | | |
| Tengsl skóla og grenndarsamfélags eru tilviljanakennd og háð áhuga kennara. Gestir í skólann eru fátíðir og sinna aðallega fræðsluhlutverki. | ↔ | Tengsl við grenndarsamfélagið eru liður í skólanámskrá en markmiðum þeirra ekki lýst. Nemendur vinna að viðfangsefnum í útinámi, einkum í tengslum við náttúruna; nokkuð um að nemendur vinni að verkefnum með aðilum úr grenndinni. | | Gagnkvæm tengsl skóla og grenndar eru fastur liður í skólastarfinu og markmiðum og leiðum lýst í skólanámskrá. Verkefni nemenda utan skólabýggingar og í samvinnu við aðila úr grenndarsamfélaginu eru liður í námsáætlanum nemenda. |

Samskipti og samstarf: Við gerum eins vel og hægt er. Það er mjög mikill munur á öllum foreldraskiptum.



Þátttaka: Foreldrar eiga fulltrúa í ráðum, bekkjarfulltrúar eru virkir, boðið upp á foreldrakvöld/fræðslur. Foreldrar taka ekki oft þátt í mati á framförum. Það þarf að efla viðhorf gagnvart skólanum og skólustarfinu í samfélaginu (niðurstöður úr nemendakönnun sem verður meira til umfjöllunar í næsta kafla eru tæp 42% nemenda í 7. – 10. bekk ósammála því að umræðan heima um skólann sé jákvæð).

Tengsl skóla og grenndar-/nærumhverfis: Við höfum lestrarömmur og – afa, samstarf við Hvamm, Hvalaskólann, gróðursetningar, Safnahúsið, starfsfræðslu, bjóðum upp á starfsnám o.fl. Við nýtum umhverfið okkar til útikennslu upp að vissu marki. Við gætum verið með markvissari og reglulegri útikennsla. Við gætum reynt að virkja foreldrana frekar – þeir eru að gera alls konar áhugavert í vinnu sinni sem væri gaman fyrir nemendur af vita af. Gætum nýtt vinabekkjarsamstarfið í útikennslu.

Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað.


Gagnaöflun: starfsmannakönnun frá stjórnendum og Skólapúls.

Skólapúls starfsmanna var lagður fyrir á vorönn 2022. Svarhlutfall var 91,9%.



Á þessum myndum sést hvernig niðurstöður þátttökuskóla dreifast. Niðurstaða Borgarhólsskóla er merkt með dökkum punkti á myndunum. Vinnuálagið dreifist nokkuð jafnt yfir árið og telur starfsfólk skólans það vera lítilsháttar meira en aðrir skólar á landinu en talsvert minna en meðaltal skóla á Norðurlandi. Hins vegar er ánægja í starfi talsvert undir meðaltalinu.

Ef viðhorf starfsfólks gagnvart vinnuaðstöðu er skoðað má sjá að starfsfólk Borgarhólsskóla er talsvert óánægðara en það sem gengur og gerist. Við nánari athugun nefnir starfsfólk borða- og sætisbúnaði ábótavant og að sum kennslurými séu þröng og óhentug. Þá megi bæta



kaffiaðstöðu kennara, bæta list- og verkgreinaaðstöðu o.fl. Skólinn hefur bætt ýmsa þætti síðustu ár, s.s. tölvu- og tækjabúnað bæði kennara og nemenda.

Samantekt

Styrkleikar:

- Ánægja með teymiskennslu og samvinnuna.
- Lausnamiðað starfsfólk og stjórnendur.
- Nemendur með námsvanda mætt vel.
- Kennsluhættir fjölbreyttir sem og námsmat.
- Regluleg uppbot
- Tekið vel á móti nýju starfsfólki sem finnst annað starfsfólk hjálplegt.
- Fagmennsku kennarans er treyst í kennslustofunni.
- Gott að leita til stjórnenda.
- Tölvukostur og -notkun á unglingsstigi.
- Endurnýjum á borðum og stólum er lokið fyrir allan skólann.

Tækifæri til umbóta:

- Hróa oftar. Stjórnendur sem og annað starfsfólk.
- Búa til heildstæða móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk.
- Fylgja nýju starfsfólki betur eftir og sjá til að þeir fái stuðning og aðstoð þegar þeir þurfa.
- Hafa meiri faglega umræðu á milli stiga svo myndist samfella í t.d. námsmati.
- Heimsóknir stjórnenda í kennslustundir og endurgjafir ábótavant.
- Stjórnendur sýni meira frumkvæði, t.d. fari yfir lestrarárangur og reyni að finna leiðir til að bæta hann með kennurum. Einnig varðandi JA svo dæmi séu nefnd.
- Reyna að bæta viðhorf samfélagsins til skólamála.
- Vinnuaðstæða og kaffistofa starfsfólks.
- Bæta list- og verkgreinaaðstöðu.

4.2 Nám og kennsla

Undirþætti náms og kennslu má sjá í töflunni hér til hliðar en þeir voru allir metnir á þessu skólaári. Viðmið Borgarhólsskóla fyrir nám og kennslu má finna [hér](#). Farið verður ítarlegar yfir hvern undirþátt hér á eftir. Stuðst verður einna helst við við starfsmannakönnun, mat starfsfólk á matsæki um þróun í skólastarfi og nemendakönnun í þessum kafla. Nemendakönnunin var lögð fyrir í aprilmánuði fyrir nemendur í 7. – 10. bekk. Niðurstöður þeirrar könnunar í heild sinni má finna [hér](#).

| Nám og kennsla | |
|-------------------------------|-------------------------------|
| Inntak og námskrá | Skipulag náms og námsumhverfi |
| Árangur náms | Námsvitund |
| Kennsluhættir og gæði kennslu | Ábyrgð og þátttaka |

Inntak og námskrá

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* eru settar fram upplýsingar um hvað eigi að birta í skólanámskrám og stenst [skólanámskrá](#) Borgarhólsskóla allar þær kröfur. Námsvísar sem kennarar skila inn á haustönn uppfylla einnig öll skilyrðin. Komið er til mótst við fjölbreyttan nemendahópinn og unnið er eftir einstaklingsnámskrám þegar við á en mikill munur er á milli árganga og kennara hvernig unnið er að þeim. Skólinn þarf að setja upp vinnuferil þegar kemur að einstaklingsnámskrám og fá þannig meiri samfellu á milli skólastiga hvað varðar uppsetningu og inntak þeirra. Nemendur sem fá stuðning í námi hafa oft val um hvar þeir vilja nýta stuðninginn og lang flestir nýta hann í sínu bekkjarrými. Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta skólastarfsins, bæði í bóklegu og verklegu námi, íþróttum og sundi og þar sem hans er þörf.

Árangur náms

Gagnaöflun: starfsmannakönnun, matstæki um þróun á skólastarfi og nemendakönnun.

Í haust var spurningakönnun send á alla kennarar skólans í gegnum Eloomi fræðslukerfi þar sem þeir voru beðnir um að leggja mat á þau viðmið er Borgarhólsskóli hefur um árangur náms. Af 35 svöruðu 26. Þeir mátu flesta þætti í B eða 12 af 14 þáttum eins og sjá má [hér](#). Það sem einna helst má gera betur skv. þessu mati er að nemendur fái að hafa meiri áhrif á nám sitt með vali á viðfangsefnum og taki þátt í að gera námsáætlanir fyrir sig og setja sér markmið.

Lestur

Gagnaöflun: Lesfimi mæld þrisvar á ári, þ.e. í sept, jan og maí.

Hér í töflunni að neðan má sjá niðurstöður lesfímikannana í september, janúar og maí í hverjum árgangi fyrir sig.

| | 1. bekkur | | | 2. bekkur | | | 3. bekkur | | | 4. bekkur | | | 5. bekkur | | |
|-----------------|-----------|-------|-------|-----------|-------|-------|-----------|-------|-------|-----------|-------|-------|-----------|-------|-------|
| | sept | jan | maí | sept | jan | maí | sept | jan | maí | sept | jan | maí | sept | jan | maí |
| Viðmið 1 | 20,0% | 51,9% | 52,9% | 20,7% | 46,7% | 53,1% | 40,0% | 64,0% | 72,0% | 66,7% | 75,0% | 81,0% | 36,8% | 40,0% | 50,0% |
| Viðmið 2 | 0,0% | 7,4% | 17,7% | 10,3% | 13,3% | 18,8% | 4,0% | 12,0% | 16,0% | 23,8% | 40,0% | 42,9% | 5,3% | 20,0% | 30,0% |
| Viðmið 3 | 0,0% | 7,4% | 5,9% | 6,9% | 10,0% | 15,6% | 0,0% | 4,0% | 8,0% | 0,0% | 5,0% | 9,5% | 0,0% | 10,0% | 10,0% |
| Undir viðmiði 1 | 80,0% | 48,2% | 47,1% | 79,3% | 53,3% | 46,9% | 60,0% | 36,0% | 28,0% | 33,3% | 25,0% | 19,1% | 63,2% | 60,0% | 50,0% |

| | 6. bekkur | | | 7. bekkur | | | 8. bekkur | | | 9. bekkur | | | 10. bekkur | | |
|-----------------|-----------|-------|-------|-----------|-------|-------|-----------|-------|-------|-----------|-------|-------|------------|-------|-------|
| | sept | jan | maí | sept | jan | maí | sept | jan | maí | sept | jan | maí | sept | jan | maí |
| Viðmið 1 | 40,5% | 47,2% | 59,5% | 64,5% | 60,0% | 64,3% | 54,6% | 82,1% | 93,1% | 54,6% | 59,4% | 67,7% | 37,0% | 55,6% | 59,3% |
| Viðmið 2 | 5,4% | 11,1% | 13,5% | 19,4% | 8,0% | 17,9% | 15,2% | 32,1% | 44,8% | 15,2% | 21,9% | 29,0% | 25,9% | 33,3% | 37,0% |
| Viðmið 3 | 0,0% | 11,1% | 10,8% | 6,5% | 4,0% | 7,1% | 0,0% | 14,3% | 17,2% | 0,0% | 6,3% | 12,9% | 7,4% | 11,1% | 14,8% |
| Undir viðmiði 1 | 59,5% | 52,8% | 40,5% | 35,5% | 40,0% | 35,7% | 45,5% | 17,9% | 6,9% | 45,5% | 40,6% | 32,3% | 63,0% | 44,4% | 40,7% |

Þar sem er grænritað má sjá framfarir í lestrarfimi á milli kannana þessa skólaárs. Í níu árgöngum má sjá að nemendum sem ná viðmiði 1 fjölgar sem og viðmiði 2. Samhliða því fækkar þeim nemendum sem eru undir viðmiði 1. Í sjö árgöngum fjölgar þeim sem ná viðmiði þrjú. Í aðeins einum árgangi ná yfir 90% nemenda viðmiði 1 en það er markmið okkar; að 90% nemenda við skólann nái viðmiði 1.

Ef við hins vegar skoðum samanburð við fyrri þrjú ár hér í töflunni til hliðar má sjá að þeim nemendum sem ná viðmiði 1, 2 og 3 fækkar jafnt og þétt á milli ára. Þá fjölgar þeim nemendum sem eru undir viðmiði 1.

| | Viðmið 1 90% | Viðmið 2 50% | Viðmið 3 25% | Undir viðmiði 1 |
|------|-----------------|-----------------|-----------------|--------------------|
| 2019 | 75,9% | 37,0% | 18,6% | 24,1% |
| 2020 | 75,7% | 33,6% | 16,0% | 24,3% |
| 2021 | 69,7% | 29,2% | 13,9% | 30,3% |
| 2022 | 65,30% | 26,80% | 11,20% | 34,70% |

Áhugi á lestri hefur minnkað mikið og eftir því sem nemendur verða eldri því minni er áhuginn. Finna þarf leiðir til þess að gera lestur að skemmtilegri afþreyingu og að nemendur sjái tilgang með honum.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Gagnaöflun: mat teyma á matstæki um þróun á skólastarfi og nemendakönnun 7. – 10. bekkjar framkvæmd í apríl.

Fjölbreyttir kennsluhættir eru áberandi í skólastarfinu sem og fjölbreytt námsmat en 67% nemenda í 7. – 10. bekk telja námið vera fjölbreytt. Augljóst er að starfsfólk ber líðan og árangur nemenda fyrir brjósti sér og finna nemendur það. Kennarar starfa eftir kennsluáætlunum og vita nemendur oftast að hverju er stefnt. Mikill munur er á milli árganga hversu vinnubókamiðuð kennslan er og eins á milli faggreina.

Hér má sjá niðurstöður úr matstæki um þróun í skólastarfi er snúa að kennaranum. Þessar athugasemdir komu fram í umræðum:

Viðhorf: Teymin vinna vel saman og er starfsfólk lausnamiðað. Nemendum með námsvanda eða annars konar vanda er mætt. Aðgengi að sérkennurum er misskipt. Kennarar vilja meiri aðstoð og stuðning með þá nemendur, ekki síst tvítýngda nemendur. Mannekla hefur verið talsverð vegna covid, inflúensu, staðlotur námsmanna o.fl.

Kennsluaðferðir: Við reynum að hafa námsaðferðir fjölbreyttar. Erfitt að koma vali nemenda inn og þurfum að

finna leiðir til þess. Þemavinna má vera algengari en er þó misjafnt eftir stigum. Óskað er eftir meiri samræðu milli kennara um kennsluhætti og fleira.

Námsáætlanir: námáætlanir unnar af kennurum eru vel gerðar. Nemendur taka ekki þátt í gerð þeirra. Yngri stig hafa verið með þónokkra samþættingu og eru eldri stigin að byrja þá vinnu.

Verkefni nemenda: Nemendum er oft gefið val og kjósa margir hverjir oftast „þæginlegusu/einföldustu“ leiðina. Valinu er oft stýrt skv. aldrei og getu. Það vantar aðeins upp á búnað svo hægt að bjóða upp á enn meira.

Nemendasamtöl: Nemendur fara í viðtöl hjá umsjónarkennara sínum tvisvar á ári í aðdraganda foreldraviðtala og hefur það tekist vel til. Þar er m.a. rætt um námið og námsmarkmið (87% nemenda eru sammála því) og líðan.

Nýting tækninnar: Allt unglingsstigið er með chromebook tölvur, ein á mann. Stefnt er að það verði eins í 6. og 7. bekk. Tölvukostur fyrir yngri stig er nánast enginn. Mögulega þarf starfsfólk að stíga út fyrir þægingdarammann, einhverjir tregir til þess að nota tæknina. Í þá vinnu er meira notað sem uppbrot og afþreying heldur en námstæki. Í nemendakönnun svara um 80% nemenda því að tölvur og íþáttar séu nýttir á fjölbreyttan hátt.

Námsmat: Námsmat er fjölbreytt. Markmiðin mega vera skýrari en um 80% nemenda í 7. – 10. bekk segjast alltaf vita hvað þeir séu að læra.

5. KENNARAR

| 1. stig | 2. stig | 3. stig | 4. stig | 5. stig |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Viðhorf | | | | |
| Litit er svo á að almennir kennarar hafa fyrst og fremst þekkingu til að kenna börnum sem geta aðlagð sig skólanum og að barn með sérstakar þarfir eigi ekki heima inni í almennu skólastarfi. Framfarir nemenda eru fyrst og fremst á ábyrgð þeirra sjálfra. | Allir nemendur eru velkomnir í skólann en nám þeirra sem þurfa sérstakan stuðning fer oft fram einslega eða í litlum hópum annarra nemenda með sérþarfir. | | Litit er svo á að allir nemendur séu sjálfagöfir þátttakendur í starfi bekkjar eða námsþóps. Umsjónarkennari finnur leiðir til að mæta þörfum allra í samstarfi við sérkennara og/eða þroskabjalla. | Litit er svo á að allir nemendur geti tekið framförum í námi með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum inni í bekk þar sem þeir eru virkir og viðurkenndir þátttakendur. Ábyrgðin á námi þeirra og velferð hvílir á teyminu kennara og annara sérfræðinga sem endurskoða stöðugt aðferðir sínar til að koma til mótis við þarfir nemenda. |
| Kennsluaðferðir | | | | |
| Kennarar eru fræðarar og leggja áherslu á að miðla efni til nemenda; fáar kennsluaðferðir nýttar. | | Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, en kennarastýrðar aðferðir eru ráðandi. | | Kennarateymi skapa fjölbreyttar aðstæður til sjálfstæðs náms nemenda, skipuleggja og leiðbeina. |
| Námsáætlanir | | | | |
| Sama áætlun fyrir heilan námsþóp; inntak einkennist af yfirferð á námssefni. | | Markmið skilgreind í námsáætlun bekkja /námsþóps. Einstaklingsáætlanir gerðar fyrir fáeinna nemendur. | | Nemendur gera eigin námsáætlanir í samvinnu við kennara og foreldra, með markmiðum um fjölbreytt og skipandi viðfangsefni. |
| Verkefni nemenda | | | | |
| Sömu verkefni lögð fyrir alla nemendur í bekk/námsþópi. | | Sama viðfangsefni er fyrir bekk/námsþóp en mismunandi verkefni innan þess skipulögð fyrir hópa nemenda. | | Sama viðfangsefni lagt fyrir námsþóp, en einstaklingar og minni hópar hafa frumkvæði að úrvinnslu verkefna. |
| Nemendasamtöl | | | | |
| Engin formleg, reglubundin samtöl nemenda og kennara um nám og líðan. | | Tilfallandi samtöl kennara og einstakra nemenda um nám og líðan. | | Nemendasamtöl um framsgang námsins og líðan eru reglubundin hluti af námsframvindunni. |
| Nýting tækninnar | | | | |
| Tölvur til staðar, en sérhlitið nýttar í námi og kennslu. | Nemendum er leyft að nota tölvur; nýttar til að styðja við hefðbundnar kennsluaðferðir | Tæknin aðlöguð að náminu; ætlast til að nemendur nýti tölvur, en aðallega í upplýsingaflun og í stað námsbóka eða ítarefnis. | Tölvunotkun og tækni fléttað reglubundið inn í námið. Einhver tækninotkun í flestum námsgreinum. | Stöðug nýsköpun við nýtingu tækni í námi; leit að nýjum leiðum; áhersla á skipandi vinnu. |
| Námsmat | | | | |
| Árangurspróf u.þ.b. tvisvar á ári, ekki tengd markmiðum; engin önnur skráning á framförum nemenda eða úrvinnsla. | | Árangurspróf helsta námsmatsaðferðin, en einnig stuðst við sjálfmat, jafningjamat og námsmóppur; skráning á framförum sýnileg foreldrum. | | Fjölbreyttar námsmatsaðferðir þar sem nemandinn er virkur þátttakandi í mati á eigin framförum, m.a. með leidsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum. |

Á þessu skólaári gafst stjórnendum ekki tími til þess að vera viðstaddir kennslustundir hjá kennurum. Einnig höfðum við áhuga á að hafa sjálfs- og jafningjamat á kennslustundum sem við gerum aðra tilraun til síðar.

Skipulag náms og námsumhverfi






Gagnaöflun: mat teyma á matstæki um þróun á skólastarfi og nemendakönnun 7. – 10. bekkjar framkvæmd í apríl.

Hér til hliðar er mat starfsfólks á námsumhverfinu. Í umræðum kom þetta fram:

Skipulag skólabygginga: Fyrir teymiskennslu væri hentugra að geta opnað á milli fleiri stofa eða hafa fleiri stærri rými. Það vantar fleiri smærri fundarrými fyrir minni teymi eða til taka vinnutengd símtöl í næði.

Vinnurými nemenda: Hvert teymi er með ákveðnar stofur til

3. NÁMSUMHVERFI

| 1. stig | 2. stig | 3. stig | 4. stig | 5. stig |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Skipulag skólabygginga | | | | |
| Skólabyggingar skiptast niður í skólastofur að svipaðri stærð og gerð; sveigjanleiki rýmis í lágmarki. |  | Hluti skólabygginga skipulagður með misstórum og opnum vinnurýmum og þar með einhver sveigjanleiki fyrir hendi. | | Skólabyggingar skipulagðar sem fjölbreytt, misstór og opin vinnurými sem gjarnan opnast inn í sameiginlegt miðrymi (forum); mikill sveigjanleiki til aðlögunar. |
| Vinnurými nemenda | | | | |
| Nemendur vinna fyrst og fremst í sömu stofunni meirihluta skóladagsins við borð sitt sem snýr að töflu. |  | Sumum stofum hefur verið skipt upp í vinnusvæði og nemendur fara milli svæðanna innan stofunnar. | Vinnusvæði innan bekkjarstofa og í næsta nágrenni. Nemendur fara á milli rýma að einhverju marki. | Vinnusvæði í skólum gefa nemendum tækifæri til að velja sér vinnuástöðu eftir viðfangsefnum. Nærumhverfið er einnig hluti af námsumhverfi nemenda. |
| Námsgögn og sýnileiki verkefna nemenda | | | | |
| Einsleit námsgögn og vinna nemenda lítt sýnileg. | |  Námsgögn fjölbreytt og aðgengileg; verkefni nemenda sýnileg. | | Fjölbreytt námsgögn aðgengileg fyrir nemendur að velja úr eftir viðfangsefnum og verkefni nemenda sýnileg. |
| Skólasöfn | | | | |
| Lokuð skólasöfn, bækur og annað efni aðeins til útlána; takmarkaður opnunartími. |  Söfn opin fyrir nemendahópa. | Samþætt og sameinuð skólasöfn og tölvustofur. | | Upplýsingaver eru miðlæg í skólabyggingum og aðgengileg nemendum. |
| Tæknibúnaður | | | | |
| Takmörkuð tölvueign skóla, aðallega borðtölvur. Netvæðing skóla á byrjunarstigi. | Netvæðing komin áleiðis. Tölvur í tölvustofum og á tölvuvögnum. |  Nemendur hafa aðgang að fartölvum/spjaldtölvum. Þráðlaust net í öllum kennslurýmum. | | Allir nemendur eiga kost á fjölbreyttum tækjabúnaði til eigin nota við námið. |

umráða og nýtir þær á fjölbreyttan hátt. Eins og fram hefur komið mætti nýta listgreinastofur og bókasafn betur. Kennarar geta líka breytt vinnurýmum nemenda, þurfa ekki alltaf borð og stóla. Hæg er að gera vinnurýmið betra og áhugaverðar og breyta stundum til. Aðeins 49% nemenda á unglingsaldri finnst námsumhverfið hlýlegt og fjölbreytt skipulag. Um 63% nemenda eru ósammála þeirri fullyrðingu að bókasafnið, listgreinastofur og nærumhverfið sé nýtt þegar unnið er að verkefnum en það hefur einnig komið fram í mati starfsfólks.

Námsgögn og sýnileiki nemenda: Námsgögn eru fjölbreytt. Mörg teymi eru dugleg að festa upp verkefni nemenda og gera þau sýnileg á göngum skólans. Oft eru birtar fréttir á heimasíðunni með myndum úr skólastarfinu. Í föstudagspósta fara oft myndir og fréttir af verkefnum.

Skólasöfn: Bókasafn er ekki alltaf opið. Það er þó alltaf opið fyrir kennara að fara þangað með nemendahóp nema það sé kennslustund í töflu þar. Nemendur þurfa sem sagt alltaf að vera með kennara þar. Engar nothæfar tölvur eru á safninu og í tölvustofu eru nokkrar ekki svo góðar tölvur. En það herbergi er ekki opið nemendum nema með kennara.

Tæknibúnaður: Þessi samantekt var fengin frá hverju teymi. Eitthvað gæti hafa gleymst. 2. og 3.

bekkur: eiga 16 iPada, tvo til þrjá Osmo basea, tangram, tölur og stafi. Væru til í að eiga amk eitt bekkjarsett af iPad og fleiri heyrnatól. 4. og 5. bekkur: Eiga um 20 iPada, tvö sett af Osmo og tölvustofuna bókaða einu sinni í viku. 6. og 7. bekkur: Eiga um 20 iPada. Hafa aðgang að tölvustofu og Osmo. Stefnt að því að nemendur fái einnig chromebook tölvur til afnota. 8., 9. og 10. bekkur: hver nemandi er með chromebook tölvu og svo er hægt að fá lánaða iPada ef þarf. Öllum stendur til boða að fá lánaðan tæknikassa frá Þekkingarnetinu þar sem hægt er að vinna með tæknilegó, þrívíddarpenna, - kubba og alls konar tæknidót.

Námssvitund, ábyrgð og þátttaka

Gagnaöflun: mat teyma á matstæki um þróun á skólastarfi og nemendakönnun 7. – 10. bekkjar framkvæmd í apríl.

Samkvæmt könnun sem nemendur í 7. – 10. bekk tóku hafa 49% nemenda áhuga á námi sínu en þegar þeir eru spurðir hvort þeir séu virkir og áhugasamir um námið segjast um 55% nemenda vera sammála því. Þá segjast 82,4% nemenda bera ábyrgð á námi sínu.

Hér á myndinni til hliðar má sjá svör kennara og stuðningsfulltrúa er snúa að nemendum. Til samanburðar við athugasemdir starfsfólk hér neðar er farið yfir svör úr nemendakönnuninni samhliða.

Áhrif nemenda á eigið nám: Við erum með bekkjarfundi þar sem nemendur fá tækifæri til að hafa sitt að segja varðandi allt mögulegt og eru 91% nemenda sem tóku könnunina sammála því, fyrsta korter hvers skóladags er með umsjónarkennara, nemendaviðtöl, fjölbreytt verkefni og nemendur hafa stundum val, samþætting í kennslu. Nokkuð oft gera nemendur sjálfsmat.

Markmiðin mættu vera skýrari fyrir nemendur.

Ákvarðanir um nám nemendahóps: Nemenda fá reglulega að velja á hvaða formi þeir skila verkefnum, þá sérstaklega eldri nemendur. Þó eru aðeins 62% unglínganna sammála því. Fá stundum

4. NEMENDUR

| 1. stig | 2. stig | 3. stig | 4. stig | 5. stig |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Áhrif nemenda á eigið nám | | | | |
| Nemendur koma litið að ákvörðunum um nám sitt, markmið þess og framgang. | | Nemendur geta komið skoðunum sínum um námið á framfæri, en kennarar taka ákvarðanir og skipuleggja það. Nemendur þekkja markmið bekkjar/námshóps að hluta til. | Nemendur þekkja námsmarkmið kennslustundarinnar og taka þátt í að skilgreina viðmið um árangur. | Nemendur setja sér markmið um nám sitt og skipulag þess í samráði við kennara og foreldra, m.a. með hliðsjón af áhugasviði og námsstöðu. Nemendur fá tækifæri til að bæta nám sitt á grundvelli leiðsagnarmats |
| Ákvarðanir um nám nemendahóps | | | | |
| Nemendur hafa ekki áhrif á ákvarðanir um skipulag og viðfangsefni námshóps/bekkjar. | | Nemendur hafa áhrif á ákveðin viðfangsefni og skipulag þeirra, t.d. þemaverkefni. | | Nemendur taka þátt í ákvörðunum um viðfangsefni og skipulag í námi hópsins. |
| Námsaðferðir | | | | |
| Námsaðferðir eru ekki í brennidepli; ætlast til að allir vinni samkvæmt sömu aðferð. | | Nemendur hafa stundum val um námsaðferðir og leiðir að markmiðum. | | Nemendur þekkja eigin námsstíl og hafa val um margvíslegar leiðir að markmiðum og námsaðferðir. |
| Frumkvæði nemenda | | | | |
| Nemendur eru viðtakendur, allur nemendahópurinn vinnur að sama viðfangsefninu; lítils frumkvæðis vænt af nemendum | | Nemendur fá stundum að hafa frumkvæði að viðfangsefnum eða úrlausnum. | | Gengið er út frá því að nemendur sýni frumkvæði við val á viðfangsefnum, leiðum og úrlausnum innan þess ramma sem kennarar setja. |
| Trú á eigin getu | | | | |
| Greind og hæfni eru meðfædd og litill möguleikar til að hafa áhrif á það. Annaðhvort er maður góður í einhverju eða ekki. | Nemandinn leggur sig fram í þeim þáttum sem hann hefur á valdi sínu en forðast verkefni sem krefjast þrautseigju. Hann felur mistök og segir frekar að verkefnið sé leiðinlegt eða að hann nenni ekki að gera það, en að jata að það sé flókið. | | | Greind og hæfni eru ræktuð með ástundun og þrautseigju. Nemandinn fagnar áskorunum og lítur á mistök sem tækifæri til að læra. Hann lærir best í samstarfi við aðra, ekki síst þá sem eru öllkir honum. |
| Aðkoma nemenda að ákvörðunum um skólastarfið í heild | | | | |
| Nemendur koma ekki að ákvörðunum um málefni skólans. | Nemendur virðast hafa rödd en hafa í raun lítil áhrif. | Fulltrúar nemenda koma að ákvörðunum um ákveðin svið skólastarfsins, t.d. um starf nemendafélags og félagslíf og eiga fulltrúa í skólaráði. | | Nemendur eru virkir þátttakendur í ákvörðunum á flestum sviðum skólastarfsins ásamt kennurum, stjórnendum og foreldrum. |

valmöguleika á milli nokkurra verkefna. Um 46% nemenda eru sammála því að þeir fái stundum að velja verkefni sem tengjast því sem þeir hafa áhuga á. Svo eru 54,6% nemenda sem finnst kennarinn hlusta á þá og leyfi þeim að ráða einhverju um námið sitt en aðeins 45% segjast vera sammála því að þeir séu oft spurðir um álit.

Námsaðferðir: Við teljum okkur vera að mæta mismunandi þörfum nemenda að mörgu leiti. Um 80% nemenda í 7. – 10. bekk segjast vita hvernig þeir læra best sem ætti kannski að gefa vísbendingar um það að þeir ættu að fá tækifæri til þess að hafa áhrif á námið og námsaðferðir í meiri mæli.

Frumkvæði nemenda: við viljum að nemendur sýni frumkvæði og þurfum að þjálf þá í því. Byrja að nýta með tölvur sem námstæki svo þær venjist sem vinnutæki í stað leiktækis. Það ætti að opna á fleiri möguleika.

Trú á eigin getur: Við erum ánægð með uppeldisstefnu okkar, jákvæðan aga. Við erum hvetjandi og höfum miserið verkefni fyrir einn hóp sem henta breiðum námshópi. Nemendur virðist skorta þrautseigju en um 62% nemenda 7. – 10. bekkjar segjast fá krefjandi verkefni en aðeins 32% finnst gaman að fá krefjandi verkefni. Aðeins 38% nemenda telja námið vera sniðið að sér og um 41% finnst námið vera alltof erfitt og hlýtur það að hafa áhrif á trúna sem þeir hafa á eigin getu eða þá skorti þrautsegju í námi.

Aðkoma nemenda að ákvörðunum um skólastarfið í heild: nemendur eiga þátttakendur í öllum ráðum og nefndum eins og skilt er en 54% unglínganna telja sig hafa kosta á því að sitja í ráðum og nefndum. Á hverju hausti er óskað eftir nemendum í þessi störf en oft þarf að biðja einhvern að taka það að sér því enginn býður sig fram. Þetta er kynnt fyrir þeim en kannski mætti það vera gert betur. Gott væri að hafa nemendaráð á hverju stigi sem fundaði reglulega með skólastjóra. Mikilvægt að nemendur þjálfist í þess konar vinnu og að sýna ábyrgð og frumkvæði.


Velferð og líðan nemenda

Gagnaöflun: Tengslakannanir og skólapúls

Tvisvar á ári er lögð fyrir tengslakönnun í öllum árgöngum, í október/nóvember og svo í febrúar/mars. Umsjónarkennarar ásamt námsráðgjafa skólans sjá um fyrirlögn á þessari könnun og að rýna í niðurstöður.

Eftir síðasta skólaár var ákveðið að breyta spurningunum í tengslakönnuninni. Hér má finna tengslakönnunin fyrir [yngri](#) nemendur og hér fyrir [eldri](#). Niðurstöður sýndu að í síðari könnuninni voru 3,2% nemenda ekki nefndir sem vinir af öðrum nemendum. Skólaárið á undan voru 6,6% nemenda ekki valdir. Þá sögðust 73,1% nemenda líða alltaf eða oftast vel í skólanum og innan við 1% líður aldrei vel í skólanum.

Skólapúlsinn var einnig lagður fyrir nemendum á skólaárinu og má finna niðurstöður hans [hér](#). Svarhlutfall var 89,3%. Þegar spurt er um vellíðan virðist nemendum í Borgarhólsskóla líða betur en landsmeðaltal segir til um. Vellíðan hefur aukist frá fyrra ári eins og sjá má á myndritunum hér að neðan.



Stutta samantekt um niðurstöður skólapúlsins má finna [hér](#).

Viðmið skólans er að öllum nemendum líði vel í skólanum. Við höldum áfram að reyna okkar besta að svo verði en ánægjulegt er að sjá jákvæðan mun á milli ára.

Samantekt

Styrkleikar:

- Skólanámskrá vel unnin sem og námsvísar kennara.
- Komið er til mótst við fjölbreyttan nemendahóp
- Nemendur sem fá stuðning í námi hafa að miklu leiti val um hvar þeir nýta sinn stuðning og flestir fá hann inni í sínu bekkjarrými.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta skólastarfsins, bæði í bóklegu og verklegu námi, íþróttum og sundi og þar sem hans er þörf.
- Fjölbreytt nám
- Teymiskennsla og bera kennarar sameiginlega ábyrgð á nemendahópum og kennslu.
- Nemendaviðtöl gagnast vel.
- Gera markmið skýrari
- Vantar fleiri stærri rými sem rúma heila árganga
- Bekkjargundir þar sem nemendur geta haft sitt að segja.
- Samþætting námsgreina

Tækifæri til umbóta:

- Birta námsvísa strax að hausti á heimasíðu skólans og láta foreldra vita af birtingum þeirra.

- Setja upp vinnuferil um hvernig vinna eigi einstaklingsnámskrár og gera þær eins á öllum stigum hvað varðar uppsetningu og inntak þeirra.
- Gefa nemendum meira val þegar kemur að námi þeirra, t.d. með vali á viðfangsefnum.
- Lesfimikannanir sýna að lestrarhæfni nemenda fer minnkandi á milli ára.
- Aðgengi að sérkennurum misskipt.
- Meiri stuðning með tvítyngda nemendum og aðra nemendum.
- Þemavinna algengari.
- Tölvunotkun á yngri stigum. Tölvukostur lítill.
- Hafa markmið skýrari og kynna vel fyrir nemendum.
- Heimsóknir stjórnenda í kennslustundir og endurgjafir til kennara.
- Nýta listgreinastofur betur
- Efla nemendum til frumkvæðis í námi.
- Efla þrautsegju nemenda.
- Byrja fyrr að kenna yngri nemendum á að nýta tölvur sem vinnutæki.
- Efla nemendum í ráðum og nefndum. Kynna fyrir þá betur að þeir geti haft eitthvað um skólamálin að segja.

4.3 Innra mat

Þessi meginþáttur var metinn í heild sinni skólaárið 2020-2021 og viðmið Borgarhólsskóla fyrir innra mat má finna [hér](#).

Hér til hliðar má sjá myndræna framsetningu á mati teymisins þar sem ljósgrænn táknar meiri styrkleika en veikleika. Þá er verklag gott og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Matsteymið skoðaði niðurstöður annars starfsfólks á þeim hluta matstækis

um þróun á skólastarfi sem snertir innra mat. Niðurstöðurnar má sjá á myndinni hér fyrir neðan.

| Innra mat |
|-----------|
| Skipulag |
| Framkvæmd |
| Umbætur |

Á sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs voru tækifæri til umbóta hvað varðar innra mat svohljóðandi: „Þörf er á að gera mat á stefnu skólans. Það þarf að virkja alla hagsmunaaðila og skipa ábyrgðaraðila ákveðinna stefna og verkefna sem skólinn vinnur eftir og þannig virkja fleiri starfsfólk í innra matinu sem og foreldra og nemendur“.

Það er mat starfsólks að innra mat sé orðin sjáanlegri hluti af skólastarfinu og starfsfólk meðvitað um að ýmis konar mat sé að eiga sér stað. Þörf er á að gera það enn betur og virkja enn fleiri. Ekki voru myndaðir strafshópar í kringum allar stefnur skólans og er stefnt að því næsta haust.

| 2. STEFNUMÖRKUN, INNRA MAT OG STARFSÞRÓUN | | | | |
|--------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1. stig | 2. stig | 3. stig | 4. stig | 5. stig |
| Framtíðarsýn og stefnumörkun | | | | |
| Ekki liggur fyrir sameiginleg skýr framtíðarsýn og stefnumörkun fyrir skólann. | Sýn fyrir skólann er birt í skólanámskrá, en hennar sér lítið sem ekkert stað í daglegu starfi. | Sameiginleg sýn liggur fyrir, en meginmarkmiðin við, opin og mörg; sýnin er rædd, en birtist aðeins að hluta í daglegu starfi. | | Skýr sýn og fá, hnitmiðuð meginmarkmið ásamt skilgreindum viðmiðum um árangur – sem allt skólasamfélagið þekkir og hefur tekið þátt í að móta. Sýnin birtist í daglegu starfi. |
| Innra mat: Skipulag og ferli | | | | |
| Ekkert formlegt innra mat. | Lítið innra mat til staðar og matsáætlanir ekki gerðar. Matíð byggt að mestu á niðurstöðum ytri kannana sem berast til skólans. | Val matsþátta tengist ekki með skýrum hætti markmiðum skólans. Matsáætlanir liggja fyrir að hluta, en mest er byggt á niðurstöðum ytri kannana án ígrundunar og aðlögunar | | Markmið sett og matsáætlanir gerðar. Fjölbreytt gagnaöflun og markviss nýting ytri gagna. Áhersla á mat á námi og kennslu með ígrundun kennara. Matsaðferðir í stöðugri þróun. |
| Innra mat: Þátttaka og umbætur | | | | |
| Ekkert formlegt innra mat og þættir til umbóta valdir tilviljanakennt. | Innra mat er aðallega á hendi eins aðila. Niðurstöður eru til en lítið notaðar til umbóta. Skólaþróun byggir takmarkað á innra mati. | Stjórnendur og kennarar skipa matsteymi og leita eftir viðhorfum allra hagsmunahópa. Mest áhersla á framkvæmd matsins. Niðurstöður kynntar starfsfólki. Umbótaáætlun gerð. | | Fulltrúar allra hagsmunaaðila virkir í matsteymi. Niðurstöður markviss notaðar til umbóta samkvæmt áætlun þar um. Samvinna og samræður allra hagsmunaaðila um umbætur og þróunarstarf. |
| Samstarf innan skólans - lærdómssamfélag | | | | |
| Kennarar vinna einir og á eigin forsendum. | | Starfsmenn vinna að hluta til saman í teyrum að undirbúningi og skipulagi kennslu en deila ekki ábyrgð. | | Virk teymisvinna með markvissri ígrundun þar sem starfsmenn læra hver af öðrum og hver með öðrum í lærdómssamfélagi. |
| Starfsþróun | | | | |
| Kennarar fara á námskeið á eigin forsendum. | Kennarar hvattir til starfsþróunar án markvissrar eftirlýgni af hendi skólans. | Sameiginleg símenntun að hluta en með litlum tengslum við markmið skólans. | | Starfsþróun byggir á markmiðum skóla og umbótaáætlun; hún hefur skýr markmið um nám þátttakenda og breytingar á námi nemenda. Starfsþróun er skipulega metin. |

4.4 Heildarniðurstaða innra mats - myndræn

| Stjórnun og fagleg forysta | | Nám og kennsla | | Innra mat |
|---------------------------------------------------|-----------------------------------------|-------------------|--------------------|-----------|
| Faglegt samstarf og samræða | Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir | Inntak og námskrá | Skipulag náms | Skipulag |
| Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag | Starfsmanna stjórnun og verkaskipting | Árangur náms | Námssvitund | Framkvæmd |
| Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu | Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna | Gæði kennslu | Ábyrgð og þátttaka | Umbætur |
| Umbætur og innleiðingar breytinga | | | | |

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Meginþátturinn um nám og kennslu var skoðaður á þessu skólaári. Við lok skólaársins 2024 er stefnt á að 90% allra matsþáttanna verði flestir eða allir sterkir (grænir / ljósgrænir).

5 Umbótaáætlun skólaársins 2021-2022

[Hér](#) má finna umbótaáætlun síðasta skólaárs með athugasemdum um úrvinnslu.

6 Umbótaáætlun skólaársins 2022 - 2023

[Hér](#) má finna umbótaáætlun skólaársins 2022-2023